

Reglugjörð

fyrir Vesturskaptafellssýslu um eyðing refa með eitri.

Amtsráðið í Suðuramtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum, er hjer með staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Reglugjörð

fyrir Vesturskaptafellssýslu um eyðing refa með eitri, sem er samin af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. septbr. 1897.

1. gr.

Kosinn skal af sýslunefnd til tveggja ára einn maður fyrir sýsluna, er skipi fyrir um eyðing refa með eitri, og hafi umsjón með sliku.

2. gr.

Taka skal umsjónarmaður til á hverjum stöðum eitra skuli og hversu mikið á hverjum stað.

3. gr.

Umsjónarmaður skal útnefna menn á eitrunarsvæðunum, er framkvæma skuli fyrirskipanir hans; en sjálfum ber honum að hafa nákvæmt eptirlit með, að verkið sje vel og heppilega af hendi leyst.

4. gr.

Eitrun skal fram fara að minnsta kosti tvisvar á ári.

5. gr.

Annast skal umsjónarmaður um, að til sje í sýslunni nóg eitur, sem borga skal af hreppasjóðunum eptir þeim reglum, sem gefnar eru í 6. gr.

6. gr.

Greiða skal umsjónarmanni borgun fyrir starf sitt úr sýslusjóði, eptir sundurliðuðum reikningi, er sýslunefndin úrskurðar. Allur annar kostnaður við eitranina skal greiðast úr sveitasjóðunum, eptir samanlagðri tölu fasteignar- og lausafjórðunda.

7. gr.

Umsjónarmaður skal árlega fyrir októbermánaðarlok gefa sýslunefndinni skýrslu um framkvæmdir sínar.

8. gr.

Brot gegn þessari reglugjörð varða 2—50 kr. sekt eptir málavöxtum. Sektirnar renna í hlutadeigandi sveitarsjóð.

Amtsráð Suðuramtsins. Reykjavík, 24. júní 1897

J. Havsteen.